

93. ársþing USÚ – tillögur

Tillaga 1 – Frá stjórn USÚ

93. ársþing USÚ, haldið á Stekkhól, 7. apríl 2026, hvetur til þátttöku á 27. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina og á 13. Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið verður í Hrafnagilshverfi í Eyjafirði 26. – 28. júní. Þingið hvetur einnig til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Tillaga 2 – frá stjórn USÚ

93. ársþing USÚ, haldið á Stekkhól, 7. apríl 2026, samþykkir að skattur aðildarfélaga sambandsins árið 2026 verði 0 kr. á félaga 16 ára og eldri.

Greinargerð:

Samkvæmt 6. grein laga USÚ greiða sambandsfélögin skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert. Stjórnin leggur til að það verði enginn skattur í ár frekar en undanfarin ár.

Tillaga 3 – frá stjórn USÚ

93. ársþing USÚ, haldið á Stekkhól, 7. apríl 2026, samþykkir eftirfarandi breytingar á 7. grein laga USÚ. Í stað þess að fyrsta málsgrein hljómi: *Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert, standi: Sambandið heldur ársþing sitt eigi síðar en 15. apríl ár hvert.*

Tillaga 4 – frá stjórn USÚ

93. ársþing USÚ, haldið á Stekkhól, 7. apríl 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um skiptingu lottótekna innan USÚ. Aftan við 2. tölulið 3. greinar bætist textinn: *Ef aðstæður eru þannig að félag nær ekki að halda aðalfund fyrir ársþing USÚ skal félagið tilkynna USÚ það fyrir ársþingið. Í þeim tilfellum skal halda fundinn innan eins mánaðar frá ársþingi.*

Tillaga 5 – frá stjórn USÚ

93. ársþing USÚ, haldið á Stekkhól, 7. apríl 2026, samþykkir fjárhagsáætlun USÚ fyrir árið 2026.

Fjárhagsáætlun USÚ 2026

	2026 áætlun	2025 raun
Rekstrartekjur		
Lottó	6.088.013	6.868.062
Getraunir	1.724.708	1.724.708
Aðrar tekjur	200.000	2.344.500
Rekstrartekjur alls	8.012.721	10.937.270

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarféлага	4.870.410	3.732.882
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	913.202	1.531.287
Auglýsingar og heimasíða	50.000	41.900
Verðlaun	60.000	112.340
Ferða- og fundakostnaður	400.000	338.666
Styrkir	1.200.000	800.000
Annar mótakostnaður	150.000	144.500
Annað	50.000	45.676
Rekstrargjöld alls	7.693.612	6.747.251

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	319.109	4.190.019
----------------------------------	---------	-----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	300.000	320.206
Fjármagnstekjuskattur	-66.000	-70.446
Fjármagnsliðir alls	234.000	249.760

Hagnaður/Tap	553.109	4.439.779
--------------	---------	-----------